

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. (591. Mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér lögfestingu á skyldum aðila til greiðslu gjalds í starfsendurhæfingarsjóð.

Stöðugleikasáttmálinn var gerður við mjög erfiðar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum og af aðilum sem vildu sameinast um aðgerðir til að vinna þjóðina út úr þeim vanda. Markmið hans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins og sættust aðilar sem að honum standa á ákveðnar áherslur og aðgerðir til að ná markmiðum hans. Ein af þessum aðgerðum sem aðilar vildu ná fram er lögfesting gjalds í Starfsendurhæfingarsjóð.

Starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af, að mestu leyti, sömu aðilum og standa að baki stöðugleikasáttmálanum. Nú þegar er greitt í sjóðinn af í einhverjum hluta launagreiðenda, t.d. ríkinu, en með lögfestingu á gjaldi í sjóðinn eru allir á vinnumarkaði skyldaðir til greiðslu í hann ásamt því að við bætist iðgjald frá lífeyrissjóðunum. Ásamt iðgjaldi frá lífeyrissjóðum og launagreiðendum er ríkissjóði ætlað að greiða til sjóðsins hluta af tekjum af tryggingagjaldi. Hluttur greiðenda í sjóðinn verður þá 0,13% af stofni iðgjalds í tilfelli allra greiðenda. Með þessum sjóði á svo öllum launamönnum að vera tryggður réttur til starfsendurhæfingar.

Viðskiptaráð styður tilgang og hlutverk sjóðsins, sem er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Þrátt fyrir það þá gerir ráðið nokkrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Viðskiptaráð gerir meðal annars athugasemd við óskýrleika frumvarpsins. Í a.lið 1. gr. frumvarpsins er ákvæði sem kveður á um að öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé skylt að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs. Í b. lið sömu greinar kemur svo fram að iðgjald launagreiðenda til sjóðsins skuli vera 0,13% af stofni iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda. Undirrituð gerir athugasemd við orðalag þessara ákvæða því þau má lesa sem svo að um iðgjaldsgreiðslu sé að ræða bæði frá launamanni og launagreiðanda. Greinargerð frumvarpsins skýrir þetta betur og tekur fram að iðgjald samkvæmt a. lið skuli greiðast af launagreiðanda skv. b. lið. Texti frumvarpsins er óskýr hvað þetta varðar og mætti einfalda hann til að skýrt komi fram hvernig greiðslum iðgjalds launamanna skuli háttáð.

Ekki verður heldur skilið með skýrum hætti hvernig greiðslum launagreiðanda verði háttáð, þ.e. hvort um viðbót við fyrri lífeyrisgreiðslur er að ræða eða hvort um er að ræða hlutdeild af núverandi lífeyrisgreiðslum falli til Starfsendurhæfingarsjóðs. Undirrituð getur ekki af orðalagi frumvarpsins dregið skýra ályktum um hvora leiðina á að fara. Verður þó gengið út frá því að 0,13% greiðslu sé ætlað að leggjast ofan á þær greiðslur sem fyrir eru vegna lífeyrisréttinda, enda er það fyrirkomulagið sem hefur verið fyrir lögfestingu gjalds þess er hér um ræðir. Hér er því um verulegan kostnaðarauka að ræða fyrir atvinnurekendur þar sem 0,13% skal greiðast vegna heildarlauna launamanna.

Með frumvarpinu er einnig lögfest skylda lífeyrissjóða til að greiða 0,13% af iðgjaldsstofni til Starfsendurhæfingarsjóðs. Greiðslur eru því greiddar úr lífeyrissjóðunum og um leið skerða lífeyrisréttinda launamanna og eins og fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins bendir réttilega á þá er hér um skerðingu á

lífeyrisréttindum sjóðsfélaga að ræða til lengri tíma litið. Miklar skerðingar hafa átt sér stað á lífeyrisréttindum innan almenna lífeyrissjóðskerfisins nú þegar vegna þess ástands sem þar ríkir, ekki verður séð að sjóðsfélagar megi við meiri skerðingu lífeyrisréttinda. Verði það niðurstaða nefndarinnar að halda þessum greiðslum inni frumvarpinu er ljóst að það sama verður að ganga yfir alla sjóðsfélaga og því verða lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna að falla hér undir líkt og þeir almennu.

Viðskiptaráð gerir einnig athugasemd við og vísar þeirri spurningu til efnahags- og skattanefndar hvort ekki væri eðlilegt að samhliða lögfestingu á iðgjaldi í Starfsendurhæfingarsjóð færi fram vinna á regluverki um sjóðinn? Verulegir fjármunir munu fara um þennan sjóð og lögfest verður skylda til iðgjaldsgreiðslu í hann, ef frumvarp þetta verður samþykkt, og miðað við það þá þykir undirritaðri ástæða til að ætla að um hann giltu reglur, en engar lagareglur gilda um sjóðinn í dag.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur til að ofangreindar athugasemdir verði teknar til skoðunar

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands